

17. fundur ferðamálaráðs - vinnufundur v. erindis ráðherra

22. ágúst 2017 kl. 11-13

Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Mættir: Unnur Valborg Hilmarsdóttir formaður, Eva Björk Harðardóttir varaformaður, Þórir Garðarsson, Ingibjörg Guðrún Guðjónsdóttir, Jón Ásbergsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Díana Mjöll Sveinsdóttir, Sævar Skaptason og María Reynisdóttir (mætti 11:30) sem ritaði fundargerð.

Gestir: Jón Óskar Pétursson, sérfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Brynhildur Pálmarsdóttir, lögfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og Ólafur Teitur Guðnason, aðstoðarmaður ráðherra.

Forföll boðuð: Ásbjörn Þ. Björgvinsson og Ólöf Ýrr Atladóttir.

1. Framhald á yfirferð ábendinga og vinnslu tillagna

Farið var aftur yfir ábendingar umsagnaraðila sem borist höfðu vegna erindis ráðherra ferðamála til ferðamálaráðs um aðgerðir í þágu ferðaþjónustunnar og unnið áfram að drögum að tillögum ráðsins út frá þeim ábendingum sem og öðrum viðeigandi gögnum og frekari umræðu.

Samþykkt að formaður og fulltrúar ráðuneytisins vinni áfram að drögum að skilabréfi til ráðherra sem verða svo send ráðsmönnum til samþykktar.

2. Önnur mál

Sú hugmynd borin upp að ráðið taki fyrir síðar á sérstökum fundi álag á náttúru vegna fjölgunar ferðamanna. Einnig að ráðist verði í herferð til þess að efla sýnileika og gestrisni Íslendinga gagnvart ferðamönnum. Tóku fundarmenn vel í þessar hugmyndir.

Fram kom að vinna vegna uppfærslu forgangsroðunar aðgerða í Vegvísi í ferðaþjónustu sé framundan. Framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar ferðamála hefur lýst yfir áhuga á því að fá innlegg frá ferðamálaráði í þá vinnu með sérstökum vinnufundi. Fundarmenn tóku vel í þessa hugmynd.

Fundi slitið kl. 12:30.